

Northern Lights

in the realm of Vatnajökull
Europe's largest Glacier



Website: www.vatnajokull.is
E-mail: info@vatnajokull.is
Tel: +354-894-1616

Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull (4 klst)

Ekið upp á Almannaskarð þaðan sem stórkostlegt útsýni er yfir Hornafjörð og Vatnajökul, stærsta jökul í Evrópu. Þaðan er ekið út á Stokksnes. Þar var bandarísk ratsjárstöð á tímum kalda stríðsins en núna er þar eftirlitsstöð með flugumferð á vegum íslenska ríkisins. Oft má sjá seli leika sér við klettana á Stokksnesi og þaðan er fallett útsýni til Öraefajökuls, hæsta tinds Íslands. Frá Stokksnesi er ekið inn að Hoffellsjökli. Á leiðinni þangað má oft sjá hreindýr á beit og geitur ganga villtar í fjöllum. Við bæinn Hoffell hefur fundist heitt vatn og þar eru heitir pottar sem gott er að dýfa sér í og láta þreytuna líða úr líkamanum.



Jökulsárlón (5 klst)

Gestir eru sóttir á flugvöllinn á Hornafirði en þangað er um 60 mínútna flug frá Reykjavík. Gestir tékka inn á Hótel Höfn og síðan er ekið að Jökulsárlóni. Jökulsárlón er einn sérstæðasti staður á Íslandi. Ísjakar brotna af skriðjöklinum og fljóta á lóninu sem stækkar ár frá ári eftir því sem jökullinn hopar. Jökulsárlón er firnadjúpt eða um 190 m þar sem það er dýpst. Jökulsá á Breiðamerkursandi rennur úr lóninu til sjávar og er einungis um 500 m löng. Landið milli sjávar og lóns verður sífelld styttra þar sem Atlantshafsaldan sverfur sífelld meira af landinu og jökullinn vinnur á því hinu megin. Óviða er upplifun náttúruaflanna magnaðri en við Jökulsárlón. Oft má sjá seli leika sér skammt frá landi við Jökulsárlón.



Sigling yfir Hornafjörð og fjórhjólasafari á Suðurfjörum.

Fjöruferðir bjóða upp á siglingu um Hornafjörð og fjórhjólaferðir á Suðurfjörum. Siglt er frá Óslandi yfir á Suðurfjörur þar sem svartir sandar tengja saman sjálft Atlantshafið og stærsta jökul í Evrópu, Vatnajökul. Á Suðurfjörum er meðal annars ekið að Hornafjarðarósi, sem er ein hættulegasta innsigling landsins, og skoðaðar eru rústir frá stríðsárunum. Fjölbreytt fugla- og dýralíf er á Suðurfjörum og forvitnir selir fylgjast gjarnan með ferðalöngum. Ferð á Suðurfjörur er því einstakt tækifæri til að njóta ósnortinnar náttúru og virða fyrir sér fegursta útsýni sem Ísland hefur upp á að bjóða.



Jöklasýning á Höfn

Á sýningunni er margvísleg fræðsla um náttúruna á þessum slóðum og jöklafræði fyrir gesti með mismunandi undirbúningsþekkingu. Þar er m.a. hægt að sjá uppstoppað hreindýr, heyra ýmiskonar fuglahljóð, ganga inn í jökulsprungu og íshelli, sjá James Bond á Jökulsárlóni, skoða margmiðlunarefni um jökla og njóta óviðjafnanlegs útsýnis af þaki hússins.



Þjóðgarðurinn í Skaftafelli - ísklifur

Ekið frá Höfn í Skaftafell. Skaftafellsþjóðgarður þekur nú um 2/3 hluta Vatnajökuls. Landið er mótað af rofi jökla og vatns. Skriðjöklnir Skeiðarárjökull, Morsárjökull og Skaftafellsjökull setja svip sinn á landið og jökulárnar Skeiðará, Morsá og Skaftafellsá renna frá samnefndum jöklum. Skeiðará er þeirra mest og var mikill farartálmi áður en hún var brúuð 1974. Kunnust er hún fyrir Skeiðarárhlaup sem eiga upptök í eldvirkni og jarðhita í Grímsvötnum. Veðursæld í Skaftafelli er mikil og oft er mun betra veður þar í skjóli Öræfajökuls en í nágrenninu.



Ísklifur

Í ferðinni í Skaftafell gefst kostur á að ganga á jökul og reyna ísklifur. Þá er ekið að skriðjökli og genginn ca. 2 km hringur á jöklinum á mannbroddum. Kennd eru undirstöðuatriði í notkun mannbrodna og ísaxa og rætt er um jökli hegðun þeirra og sögu. Þeir sem vilja fá einnig að reyna sig við ísklifur. Notaðar eru klifurlínur og ísklifurútbúnað til að tryggja fullkomið öryggi klifrarans. Engin sérstök reynsla eða líkamlegir burðir eru nauðsynlegir, bara svolítill kjarkur!



3 dagar - 2 nætur á Hornafirði

Dagur 1

Brottför frá Reykjavík 16:00, komutími: 17:00
Tékkad inn a hótél og kynning á dagskrá
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 2

Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull (4 klst)
Heimsókn á Jöklasýningu
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 3

Frjáls dagur.
Hér er hægt að slaka á eða fara í gönguferð
um Höfn en við mælum með nokkrum
afþreyingarmöguleikum:

Flug til Reykjavíkur kl. 17:30
Komutími í Reykjavík 18:30

Verð: 39.900

Innifalið í verði:

Akstur til og frá Hornafjarðarflugvelli
2x Gisting og morgunverður
2x Kvöldverður
Skoðunarferð með leiðsögn Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull
Jöklasýning

Afþreying í boði (Ekki innifalið í verði)

- Sigling yfir Hornafjörð og fjórhjólasafari á Suðurfjörum. Verð: kr. 7.000
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli. (6 klst.) Verð: Kr. 8.000,
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli með ísklifri Verð: Kr. 12.000

Fyrirvari um breytingar á dagskrá vegna veðurs



4 dagar - 3 nætur á Hornafirði

Dagur 1

Brottför frá Reykjavík 16:00, komutími: 17:00
Tékkað inn á hótél og kynning á dagskrá.
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 2

Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull (4 klst)
Heimsókn á Jöklasýningu
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 3

Jökulsárlón (5 klst)
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 4

Frjáls dagur.
Hér er hægt að slaka á eða fara í gönguferð um Höfn en við mælum með nokkrum afþreyingarmöguleikum.

Flug til Reykjavíkur kl. 17:30
Komutími í Reykjavík 18:30

Verð: 53.900


Innifalið í verði:

Akstur til og frá Hornafjarðarflugvelli
3x Gisting og morgunverður
3x Kvöldverður
Jöklasýning
Skoðunarferð með leiðsögn Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull
Skoðunarferð með leiðsögn á Jökulsárlón

Afþreying í boði (Ekki innifalið í verði)

- Sigling yfir Hornafjörð og fjórhjólasafari á Suðurfjörum. Verð: kr. 7000
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli. (6 klst.) Verð: Kr. 8.000,
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli með ísklifri Verð: Kr. 12.000

Fyrirvari um breytingar á dagskrá vegna veðurs



5 dagar - 4 nætur á Hornafirði

Dagur 1.

Brottför frá Reykjavík 16:00, komutími: 17:00
Tékkað inn a hótél og kynning á dagskrá.
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 2

Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull (4 klst)
Heimsókn á Jöklasýningu
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 3:

Frjáls dagur.
Hér er hægt að slaka á eða fara í gönguferð um Höfn en við mælum með nokkrum afþreyingarmöguleikum.
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 4:

Jökulsárlón (5 klst)
Kvöldverður og norðurljósaskoðun með leiðsögn

Dagur 5:

Frjáls dagur.
Hér er hægt að slaka á eða fara í gönguferð um Höfn en við mælum með nokkrum afþreyingarmöguleikum.
Flug til Reykjavíkur kl. 17:30
Komutími í Reykjavík 18:30

Verð: 85.900

Innifalið í verði:

Transfer til og frá Hornafjarðarflugvelli
4x Gisting og morgunverður
4x Kvöldverður
Skoðunarferð með leiðsögn Almannaskarð - Stokksnes - Hoffellsjökull
Skoðunarferð með leiðsögn á Jökulsárlón
Jöklasýning

Afþreying í boði (Ekki innifalið í verði)

- Sigling yfir Hornafjörð og fjór hjólasafari á Suðurfjörum. Verð: kr. 7000
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli. (6 klst.) Verð: Kr. 8.000,
- Ferð í þjóðgarðinn í Skaftafelli með ísklifri Verð: Kr. 12.000

Fyrirvari um breytingar á dagskrá vegna veðurs.

